



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FORSETI Á FUNDI MEÐ FORSÆTISRÁÐHERRA NOREGS OG STARFANDI FORSETA STÓRÞINGSINS**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson átti í gær, þriðjudaginn 21. mars, fund með Marit Nybakk, varaforseta norska Stórpingsins, í Osló. Á fundinum var m.a. rætt um samskipti landanna og samstarf, svo sem á vettvangi löggjafar og utanríkismála. Fundinn sátu einnig Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og embættismenn.

Í dag, miðvikudaginn 23. mars, átti forseti einnig fund með Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs. Meðal mála sem þar var fjallað um voru samleið landanna í ýmsum hagsmunamálum, þróun alþjóðamála og varnarmál. Utanríkisráðherra Íslands tók einnig þátt í þessum fundi auk annarra fulltrúa Íslands.

Fundirnir tveir eru þáttur í ríkisheimsókn forseta til Noregs sem stendur dagana 21.-23. mars.

Meðal annarra dagskráratriða í heimsókninni má nefna að fyrsta dag hennar lagði forseti blómsveig að minnismerki um þá sem féllu í síðari heimsstyrjöldinni og sat hátíðarkvöldverð í boði konungshjóna í Konungshöllinni. Forseti flutti lokaræðu á ráðstefnu sem fjallaði um norræna velferðarsamfélagið, áskoranir þess og framtíð, í Háskólanum í Osló. Eliza Reid forsetafrú flutti einnig ræðu við háskólann og fjallaði þar um áfanga í baráttu fyrir jafnrétti kynjanna á Íslandi og stöðu jafnréttis á vinnumarkaði. Þá heimsóttu forsetahjónin NORLA, bókmenntakynningarmiðstöð Noregs og kynntu sér starfsemi hennar.

Í dag, annan dag heimsóknarinnar, felur dagskráin meðal annars í sér að forseti skoðar nýsköpunarmiðstöð í Vísindagarði Oslóar, hann situr ásamt fylgdarliði hádegisverð í boði ríkisstjórnar Noregs í Akershusvirki; hann hittir Íslendinga búsetta í Noregi í Ólafíustofu og tekur þátt í athöfn þar sem Íslendingar færa Norðmönnum að gjöf Íslendingasögur í norskri þýðingu sem ráðgert er að dreifa til bókasafna víða um landið. Síðdegis efnir forseti til móttöku til heiðurs Haralds Noregskonungi og Sonju drottningu en að því búnu heldur hann ásamt fylgdarliði til Björgvinjar.

Ríkisheimsókninni til Noregs lýkur á morgun fimmtudag.

*22. mars 2017*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*